

## Árskýrsla 2002 - 2003

Ársskýrsla Ræktunarstjórnar Retrieverdeildar HRFÍ 2002 - 2003

Hlutverk okkar sem sitjum í ræktunarstjórn er að standa vörð um ræktunarmarkmið og heilbrigði retrieverhunda.

Á síðasta starfsári funduðum við fimm sinnum. Við sóttum líka þrjá fulltrúaráðsfundi á vegum HRFÍ. Einn aðili í ræktunarstjórn sótti fyrirlestur um ræktun lítilla hundastofna hjá sænska erfðafræðingnum Per Erik Sundgren.

### Augnskoðun

Augnskoðanir voru þrjár á árinu, í júní og í nóvember í Reykjavík og í júní á Akureyri.

Í augnskoðun árið 2002 mættu 26 Labradorhundur, þar af 15 í fyrsta sinn. 13 Goldenhundur mættu í augnskoðun, þar af 6 í fyrsta sinn. Einn Flat coated retriever hundur mætti í augnskoðun.

Fjögur arfgeng cataract tilfelli greindust, 2 hjá Golden og 2 hjá Labrador.

Ekki hefur ennþá greinst PRA í okkar tegundum hér á landi sem er kannski falskt öryggi því að allt of fáir hundar eru skoðanir sem er mjög slæmt því að þá fáum við ekki nógu mikla vitneskju um stofnana. Þó voru þeir mun fleiri en árið áður. Ræktendur verða að standa sig mun betur í að upplýsa hvolpakaupendur sína um nauðsyn þess að allir mæti í augnskoðun reglulega, líka þeir hundar sem ekki á að rækta undan. Stofnar okkar eru það litlir að við verðum að vera mjög meðvituð um að það þarf mjög lítið til að þeir hrynji ef t.d. kemur upp PRA sem enginn veit um og ef ekki er hægt að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafanda tímalega. Þá getum við lent í því að standa uppi með blinda Retrieverstofna sem örugglega enginn Retrieverunnandi vill. Því verðum við öll að hjálpast að við að uppræða og hvetja alla Retrievereigendur til að láta skoða hundana sína reglulega.

HRFÍ hélt fund með aðilum úr stjórnnum nokkrra deilda í framhaldi af augnskoðun sem fram fór í júní s.l. Þar var farið yfir niðurstöður og nauðsyn þess að augnskoða sem flesta hunda og sérstaklega foreldra og afkvæmi þeirra sem greinst hafa með arfgenga augnsjúkdóma eins og t.d. arfgengt cataract.

Næsta augnskoðun verður 3. maí n.k.

### Mjaðma-og olnbogamyndir (HD og AA)

Frá 1994 þegar NKK fór að lesa úr röntgenmyndum fyrir HRFÍ hafa 145 Labradorhundur verið mjaðmamynndaðir (HD) og þar af hafa 57 greinst með mjaðmalos, sem gera 39%. Á þessu starfsári hafa 25 verið myndaðir, þar af hafa 9 greinst með mjaðmalos. 64 Labradorhundur hafa verið olnbogamyndaðir þar af 23 á þessu starfsári. 8 hafa greinst með liðhrörnun í olnbogum (AA) þar af 4 á þessu starfsári.

Frá 1994 hafa 57 Goldenhundur verið mjaðmamynndaðir og þar af hafa 29 greinst með mjaðmalos eða 51%. Á þessu starfsári hafa 14 verið myndaðir og greindust 10 með mjaðmalos. 24 Goldenhundur hafa verið olnbogamyndaðir, þar af 13 á þessu starfsári. 4 hafa greinst með liðhrörnun í olnbogum (AA) þar af 3 á þessu starfsári.

Þess má geta að 2 Labradorar sem greindust með mjaðmalos á þessu starfsári voru innfluttir.

2 Flat-Coated hundur hafa verið mjaðmamynndaðir(HD) þar af 1 á þessu starfsári. 1 Flat-Coated hefur verið olnbogamyndaður(AA) og var hann í lagi.

1 Chesapeake Bay Retriever hefur verið mjaðmamynndaður(HD) og olnbogamyndaður(AA) og reyndist í lagi.

Þetta eru ekki glæsilegar niðurstöður sem við erum að fá þannig að nauðsynlegt er að halda áfram að mynda og ræktendur hvetji sína hvolpaeigendur til þess að mynda hundana og sjá hvert ræktun þeirra stefnir.

Stjórn deildarinnar hefur ákveðið að birta opinberlega niðurstöður úr HD, AA og augnskoðunum og fleiri upplýsingar um Retrieverhunda á heimasíðu deildarinnar og er verið að vinna í því.

## **Kröfur ræktunarstjórnar til undaneldisdýra**

Stjórn deildarinnar mælir eingöngu með pörunum þar sem undaneldisdýr hafa greinst HD frí og augnskoðuð (vottorð ekki eldra en 18 mánaða við pörun). Við mælum eindregið með að dýrin séu AA mynduð líka og hafa ekki fengið lakara en 2. einkunn á ræktunarsýningum sem HRFÍ viðkennir. Undantekning er leyfð ef talið er að 3. einkunn stafi af áunnum áverka sem getur haft áhrif á dóminn. Að gefnu tilefni vill stjórnin ítreka að hún bendir eingöngu á þau got sem farið hafa í gegnum ræktunarstjórn fyrir pörun. Ef ræktandi óskar eftir að nota ákveðinn hund á tíkina sína getur hann sótt um það sérstaklega í pörunarbeiðni og ef ekkert er til fyrirstöðu samþykkir ræktunarstjórn tilvonandi pörun.

## **Pörunarbeiðnir**

Okkur bárust 8 pörunarbeiðnir (6 Labrador og 2 Golden) og var þeim öllum svarað. 33 Labradorholpar og 5 Goldenholpar voru skráðir í ættbók HRFÍ á starfsárinu.

## **Sýningar - nýir meistarar**

Nýir íslenskir meistarar ISCH

Golden retriever

ISCH Íslands Nollar Helma Hlíf IS04791/98, fékk íslenska meistaranaufnbót staðfesta af HRFÍ 3. júlí 2002.

Eigendur Ingibjörg Þorvaldsdóttir og Einir Heiðarsson. Ræktandi Súsanna Poulsen.

Labrador retriever

ISCH Attikonnak Crazy About A Mercury IS05924/00.

Eigandi Guðmundur H. Guðmundsson. Ræktandi Gunnilla Ek.

ISCH FraugdegaardsAfrodite IS05734/00.

Eigandi Stefán Gunnarsson. Ræktandi Torben Chr.Bille Brahe.

Þessir Labrador hundar eru fyrstu Retriever hundarnir til að hljóta íslenskan meistaratitil skv. nýjum meistarareglum fyrir Retriever hunda.

Stjórn óskar eigendum og ræktendum þeirra til hamingju.

## **Veiðihundasýning Th. 7 og 8**

Írsk setter deild hefur boðið okkur að taka þátt í meistarastigssýningu á vegum deildarinnar þann 30. ágúst n.k. og höfum við þegið boðið.

## **Innflutningur á starfsárinu**

8 Labrador retrieverhundar hafa verið fluttir inn og skráðir í ættbók HRFÍ.

2 frá Englandi,

2 frá Danmörku,

2 frá Ítalíu,

1 frá Svíþjóð,

1 frá Írlandi.

Einn Golden hefur verið fluttur inn frá Bandaríkjunum og skráður í ættbók HRFÍ.

2 Curly coated retriever hafa verið skráðir í ættbók HRFÍ og eru þeir þeir fyrstu af þessari tegund.

Núna eru 5 af 6 retrievertegundunum skráðir í ættbók HRFÍ og tilheyra þeir allir okkar deild.

## **Starfshópur**

Starfshópur lagði fyrir stjórn deildarinnar breytingar á veiðiprófsreglum fyrir Retrieverhunda og prófstjórahandbók sem stjórn deildarinnar samþykkti. Þessar breytingar voru sendar til stjórnar HRFÍ til afgreiðslu og hafa verið samþykktar með smávægilegum breytingum.

## **Veiðiprófsdómaranemi**

Margrét Pétursdóttir hefur sótt um að hefja Retrieverveiðiprófsdómaranám og hefur umsókn hennar verið samþykkt af stjórn HRFÍ.

## **Dæmt erlendis**

Halldóri Björnssyni veiðiprófsdómara var boðið að dæma 5. október s.l. hjá Ringerike Retrieverclub í Noregi. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur veiðidómari dæmir erlendis.

Honum hefur verið boðið að dæma veiðipróf í Danmörku 5. apríl n.k.

## **Veiðimeistari**

1 Labrador retriever hundur hefur fengið staðfestingu frá HRFÍ um íslenskan veiðimeistaratitil á þessu ári. Hann heitir ISVCH Fantur IS05256/99.

Eigandi Ingólfur Guðmundsson. Ræktandi Stefán Grímsson.

Fantur er 6. Labrador hundurinn sem hlýtur þennan titil.

Stjórn óskar eiganda og ræktanda til hamingju.

## **Veiðipróf 2002**

9 Retriever veiðipróf voru ráðgerð á árinu 2002. 2 prófum var aflýst þar af einu A prófi.

Alls voru 71 hundur skráður í þau 7 próf sem haldin voru.

Einn erlendur dómari Erling Skotner frá Noregi dæmdi prófin á Hunkubökkum.

## **Veiðipróf 2003**

Áætlað er að halda 6 veiðipróf á árinu, þar af dæma tveir erlendir dómarar. Þeir eru Torben Poulsen og Jens Erik Sønderup frá Danmörku. Torben Poulsen mun dæma prófin í ágúst á Hunkubökkum og Jens Erik Sønderup mun dæma próf í júní ásamt því að ræktunardæma Retriever hunda á alþjóðlegri sýningu HRFÍ sömu helgi.

Starfs- og veiðinefnd hefur alfarið séð um skipulagningu og framkvæmd veiðiprófanna og hefur staðið sig frábærlega vel í alla staði með hjálp góðra manna, bæði úr deildinni okkar og úr öðrum deildum HRFÍ.

Sigurður Magnússon og Sigurmon Hreinsson sögðu sig úr nefndinni á seinasta ári og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf.

## **Skapgerðarmat**

Skapgerðarmat var haldið á síðasta ári. 1 Golden og 3 Labradorar fóru í skapgerðarmat.

## **Retrievernámskeið**

Haldin voru 2 retrievernámskeið á vegum Hundaskóla HRFÍ sem aðilar úr deildinni okkar leiðbeindu á.

## **Heimasíða Retrieverdeildarinnar**

Heimasíða deildarinnar hefur frá upphafi verið í umsjón Olgeirs Gestssonar sem hefur staðið sig vel og hefur bryddað upp á ýmsum nýjungum og verið duglegur að betrumbæta síðuna reglulega.

Ég undirrituð hef setið í ræktunarstjórn deildarinnar s.l. 10 ár hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram í stjórn deildarinnar. Ég vil þakka af alhug fyrir gott og ánægjulegt samstarf við meðlimi, stjórn og nefndir deildarinnar og stjórn og starfsfólk HRFÍ þessi ár. Það hefur verið ómetanlegt fyrir mig og mjög lærdómsríkt að fá að starfa með því góða fólki sem setið hefur í stjórn með mér þessi 10 ár.

Hér hefur verið fjallað um það helsta sem gerst hefur á starfsárinu.

Aðalverkefni ræktunarstjórnar er að standa vörð um heilbrigði og ræktunarmarkmið retrieverhunda. En það er ekki nóg að fimm manneskjur í stjórn séu allar að vilja gerðar. Við verðum öll að hafa metnað fyrir þessar tegundir á öllum sviðum ræktunar, öðruvísi tekst okkur ekki að ná markmiði okkar um betri ræktun retrieverhunda.

2. apríl 2003

F.h. ræktunarstjórnar Retrieverdeildar HRFÍ  
Auður Valgeirsdóttir formaður.

Í stjórn Retrieverdeildar HRFÍ 2002 - 2003 eru:

Auður Valgeirsdóttir

Sigríður Bílddal

Sigurður Ben. Björnsson

Í varastjórn eru:

Dagur Jónsson

Sigurður Magnússon

Í starfs- og veiðinefnd 2002-2003 eru:

Bjarni Guðmundsson

Halldór Björnsson

Höskuldur Ólafsson

Ingólfur S. Jakobsson

Ingólfur Guðmundsson

Olgeir Gestsson

Sigurður Magnússon

Sigurmon Hreinsson

Heimasíðustjóri er Olgeir Gestsson